Leikskólinn Sólborg
Vesturhlíð 1
105 Reykjavík
S: 411-3480
solborg@rvkskolar.is

Reykjavík 9. júní 2022

Eftirfarandi er umsögn Leikskólans Sólborgar um tillögu til þingsályktunar um málstefnu íslensks táknmáls (ÍTM).

Leikskólinn Sólborg lýsir yfir ánægju með tillögu þingsályktunar um málstefnu íslensks táknmáls (mál nr. 90/2022). Málstefna ÍTM og aðgerðaráætlun er liður í að lögum um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls nr. 61/2011 sé framfylgt.

Leikskólinn Sólborg er eini leikskóli landsins sem hefur sérhæft sig í að bjóða uppá nám á og í íslensku táknmáli og er ráðgjafaskóli hvað þetta varðar.

Við viljum vekja athygli á lið A5 í aðgerðaráætlun málstefnu íslensks táknmáls þar sem segir:

> „Fræðsla um íslenskt táknmál og sögu og menningu þess verði hluti af námsefni grunnskólabarna sem kennt er sem hluti af skyldunámi. Málnefnd um íslenskt táknmál þarf að sjá til þess að fulltrúar frá nefndinni, Hlíðaskóla, Samskiptamiðstöð og Menntamálastofnun komi að vinnslu námsefnisins svo tryggja megi jákvæð viðhorf til íslensks táknmáls.“

Þrátt fyrir að ekki sé skólaskylda í leikskóla myndum við vilja sjá fulltrúa frá Leikskólanum Sólborg í slíkri vinnu þar sem við teljum að námsefni um íslenskt táknmál og sögu og menningu þess eigi einnig heima í leikskólanum vegna þess að það er fyrsta skólastigið sem táknmálsbörn koma inn í og eru þau þá á mikilvægu stigi máltökunnar. Þessu til stuðnings vísum við í lið B í tillögu til þingsályktunar um málstefnu íslensks táknmáls (ÍTM) en þar stendur á bls. 4:

> „Táknmálsbörn eiga rétt á því að fá kennslu á og í ÍTM á máltökuskeiði og öllum stigum skólagöngu (sbr. lög nr. 61/2011 um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls). Í ljósi þess á hve viðkvæmu stigi leikskólabörn eru í máltöku þarf að tryggja að kennsla og umönnun fari fram á ÍTM.“

Einnig vísum við í lið B4 í aðgerðaráætlun málstefnu íslensks táknmáls þar sem segir:

> „Menntayfirvöld uppfæri námskrár leik-, grunn- og framhaldsskóla og menntastefnur með það að marki að jafna stöðu íslensku og íslensks

táknmáls í samræmi við lög nr. 61/2011 um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls. Að við endurskoðun verði íslenskt táknmál að sérstakri faggrein, bæði sem fyrsta mál og annað mál, greininni tryggður jafn tímafjöldi og námsmat á við íslensku sem fyrsta og annað mál."

Með tilvísun í þessa tvo liði er ljóst að Leikskólinn Sólborg ætti að eiga fulltrúa í námsefnisvinnu fyrir íslenskt táknmál.

Önnur athugasemd okkar varðar lið B10 í aðgerðaráætlun málstefnu íslensks táknmáls:

„Gerð verði krafa um afburðafærni fagfólks sem starfar í máltöku- og námsumhverfi táknmálsbarna í íslensku táknmáli. Fagfólkið þarf að hafa tækifæri til að stunda nám í íslensku táknmáli á viðurkenndri stofnun sem sinnir kennslu íslensks táknmáls; Háskóla Íslands og Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra."

Þarna erum við sammála því að fagfólk sem starfar í máltöku-og námsumhverfi táknmálsbarna þurfi að hafa afburðafærni í íslensku táknmáli en gerum þó athugasemd við að táknmálsnám þeirra þurfi að fara fram á ákveðinni stofnun. Við bendum á að táknmálsnám fagfólks gæti farið fram á þeirri stofnun sem þeir starfa hjá ef viðkomandi stofnun ræður táknmálskennara sem er samþykktur af viðurkenndri stofnun, þ.e. Háskóla Íslands og Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra.

f.h. Leikskólinn Sólborg

Sigurbaldur P. Frímannsson

Sigurbaldur P. Frímannsson, leikskólastjóri